STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÖLDUR OG SKÍNANDI RÖÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

Erindisbréf umhverfis- og skipulagsnefndar Strandabyggðar

I. Stjórnskipuleg staða umhverfis- og skipulagsnefndar

Nefndin heyrir undir sveitarstjórn Strandabyggðar. Byggingarfulltrúi og Skipulagsfulltrúi funda með nefndinni.

II. Skipan umhverfis- og skipulagsnefndar

Í Umhverfis- og skipulagsnefnd eiga sæti fimm fulltrúar, kosnir af sveitarstjórn að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Strandabyggðar. Á sama hátt eru kjörnir fulltrúar til vara.

Formaður nefndarinnar er að jafnaði sveitarstjórnarfulltrúi. Nefndin kýs sér varaformann á fyrsta fundi sínum

Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama og sveitarstjórnar. Byggingarfulltrúi er starfsmaður nefndarinnar og ritar að jafnaði fundargerð. Byggingarfulltrúi undirbýr fundi í samstarfi við skipulagsfulltrúa og formann og fylgir eftir samþykktum nefndarinnar. Nefndinni er heimilt að kalla til sín sérhvern þann sem tengist málum sem fjallað er um.

III. Verkefni umhverfis- og skipulagsnefndar

Umhverfis- og skipulagsnefnd fjallar um umhverfis- og náttúruverndarmál skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, skipulagsmál skv. Skipulagslögum nr. 123/2010 ásamt skipulagsreglugerð nr. 90/2013, byggingarmál skv. Lögum um mannvirki nr. 160/2010 ásamt byggingarreglugerð nr. 112/2012, umferðarmál skv. umferðarlögum nr. 77/2019 og reglugerðum sem um þau mál fjalla í umboði sveitarstjórnar.

Helstu verkefni Umhverfis- og skipulagsnefndar eru:

-að gefa umsagnir vegna tillagna að svæðis-, aðal- og deiliskipulagi og vegna úrskurða um mat á umhverfisáhrifum skv. 68. gr. Náttúruverndarlaga.

-að leiða stefnumótun og gera tillögur til sveitarstjórnar um stefnu í Umhverfis- og náttúruverndarmálum, skipulagsmálum og umferðarmálum og öðrum þeim málaflokkum er snerta starfssvið nefndarinnar.

-að veita umsögn áður en framkvæmda- og byggingarleyfi er veitt til framkvæmda.

-að veita umsögn um framkvæmdarleyfi vegna efnistöku á landi, að eða úr hafsbotni innan netlaga.

-að styðja við útivist með því að halda opnum göngustígum, strandsvæðum til sjóbaða, vatnsbökkum og öðrum stígum skv. 30. gr Náttúruverndarlaga.

- að sinna hlutverki náttúruverndarnefndar skv. 14 gr. Náttúruverndarlaga.

-að stuðla að fræðslu um efni náttúruverndarlaganna með sérstaka áherslu á réttindi og skyldur almennings.

-að gera tillögur um bættar samgöngur innan sveitarinnar og um aukið öryggi fyrir vegfarendur.

-að vera sveitarstjórn til ráðgjafar varðandi samstarf við önnur sveitarfélög, hagsmunaaðila og samstarfsaðila á starfsviði sínu.

-að gera tillögur til sveitarstjórnar við fjárhagsáætlunargerð, um þá liði hennar sem falla undir verksvið nefndarinnar, í samstarfi við starfsmenn sveitarfélagsins.

-að fjalla um þau mál sem sveitarstjórn felur nefndinni hverju sinni.

Umhverfis- og skipulagsnefnd er ráðgefandi nefnd og eru fundargerðir hennar ávallt kynntar af formanni nefndarinnar eða staðgengli hans á fyrsta sveitarstjórnarfundi eftir nefndarfund og þar bornar upp til afgreiðslu, það sem við á.

IV. Starfshættir umhverfis- og skipulagsnefndar

Umhverfis- og skipulagsnefnd kemur saman fyrir luktum dyrum 6-8 sinnum á ári. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitja hann. Þá skal skrá einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu það hlýtur.

Fundargerð skal lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana. Umhverfis- og skipulagsnefnd getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu og skal það þá gert í samræmi við Samþykkt um stjórn og fundarsköp Strandabyggðar. Ritari hefur umsjón með ritvinnslu fundargerðar og leggur hana fram með dagskrá næsta sveitarstjórnarfundar.

Nefndin skal halda gerðabók. Ritari kemur fundargerðinni til skrifstofustjóra sem færir hana í gerðabókina.

Skipulagsfulltrúi og/eða Byggingarfulltrúi undirbýr fundi nefndarinnar í samráði við formann. Byggingarfulltrúi sendir út fundarboð. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, fundartíma og dagskrá og skal send út eigi síðar en tveimur virkum dögum fyrir fund.

Nefndarmenn geta borið fram erindi undir liðnum "önnur mál", ef þau eru aðkallandi og berast eftir áður auglýst fundarboð.

Formaður stýrir fundum nefndarinnar skv. Samþykkt um stjórn og fundarsköp Strandabyggðar.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarinnar er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti. Ályktanir nefndarinnar til sveitarstjórnar skulu settar fram með skýrum hætti í fundargerð.

V. Eftirfylgni

Formaður og nefndarmenn skulu snúa sér til byggingarfulltrúa, sveitarstjóra eða annarra starfsmanna sveitarfélagsins með eftirfylgni staðfestra samþykkta nefndarinnar.

VI. Réttindi og skyldur nefndarmanna

Um réttindi og skyldur fulltrúa í nefndinni gilda ákvæði Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og Samþykktar um stjórn og fundarsköp Strandabyggðar eftir atvikum.

Nefndarmenn fá greitt fyrir setur á fundum Umhverfis- og skipulagsnefndar samkvæmt samþykkt um kjör og fulltrúa í stjórnum, ráðum og nefndum Strandabyggðar.

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Ef um forföll er að ræða skal það tilkynnt á skrifstofu Strandabyggðar eigi síðar en kl. 10:00 boðaðan fundardag. Starfsmaður á skrifstofu sér um að boða varamann.

Nefndarmenn eiga rétt á að koma máli á dagskrá fundar og ber að skila erindinu til formanns a.m.k. tveimur virkum dögum fyrir fund.

Nefndarmenn skulu ávallt hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín í nefndinni, en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og Samþykkt um stjórn og fundarsköp Strandabyggðar í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum nefndarinnar.

Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu vegna mála sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir nefndina og ætla má að leynt eigi að fara skv. eðli máls eða lögum, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni. Þagnarskylda helst óbreytt þótt menn hætti setu í nefndinni eða láti af störfum á hennar vegum.

Nefndarmenn skulu víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða þá sjálfa, skyldmenni eða nánustu venslamenn svo sérstaklega að almennt má ætla að afstaða þeirra mótist að einhverju leyti þar af. Fylgja skal fyrirmælum Stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 í þessum efnum. Nefndarmanni sem víkur af fundi er heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni, áður en hann víkur af fundi.

VII. Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal nefndin taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem um starfssvið hennar gilda hverju sinni.

Þá skal nefndin fylgja Samþykkt um stjórn og fundarsköp Strandabyggðar eins og hún er hverju sinni og ákvæðum Sveitarstjórnarlaga.

VIII. Gildistaka

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 38/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum og Samþykkt um stjórn og fundarsköp Strandabyggðar.

Erindisbréf þetta var staðfest á fundi Sveitarstjórnar Strandabyggðar og tók gildi 10. júní 2025